

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

## 1. gr.

*Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 36/2010 um sorphirðu og sorpeyðingu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

## 2. gr.

*Sorphirðugjald.*

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af grátunnu og blátunnu og miðast við stærð þeirra ílata og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

**Sorphirðugjald**

<b>Ílátastærð</b>	<b>Grátunna</b>	<b>Blátunna</b>
240 1 ílát	10.729 kr.	4.653 kr.
660 1 ílát	30.959 kr.	14.246 kr.
1.100 1 ílát	50.881 kr.	23.026 kr.

**Grátunna:** losun á 14 daga fresti.**Blátunna:** losun á 42 daga fresti.

## 3. gr.

*Sorpeyðingargjald.*

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi, íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs, annað en garðaúrgangur, timbur og spilliefni, sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

**Sorpeyðingargjald**

Íbúðarhúsnæði	11.734 kr.
Frístundahúsnæði	5.592 kr.
Lögbýli	4.301 kr.
Smærri fyrirtæki	8.603 kr.
Stærri fyrirtæki	8.603 kr.

## 4. gr.

*Gjaldtaka á móttökustöð.*

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við  $m^3$  þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Húsráðanda er heimilt að afsetja á sjö daga fresti heimilisúrgang allt að  $2 m^3$  án gjaldtöku. Gjaldtakan er að lágmarki fyrir  $0,25 m^3$  og hleypur á  $0,25 m^3$  eftir það.

<b>Móttökugjald á einn <math>m^3</math></b>	4.000 kr.
---------------------------------------------	-----------

## 5. gr.

*Gjaldtaka þjónustuverktaka.*

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð skal aldrei vera hærra en verksamningur tilgreinir.

Nr. 70

26. janúar 2010

6. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 3. desember 2009 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 3. desember 2009. Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 418/2009 fyrir sorpeyðingu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 26. janúar 2010.*

**Jón G. Valgeirsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. janúar 2010